

Áningarstaður á Merkjahrygg á Bröttubrekku - óskað eftir afstöðu sveitarfélags.

Til : 'Jóhanna María Sigmundsdóttir' <johanna@dalir.is>;María Neves <maria.neves@borgarbyggd.is>
Frá : Margrét Björk Björnsdóttir <maggy@west.is>
CC : Hrafnhildur Tryggvadóttir <hrafnhildur@borgarbyggd.is>
Heiti : Áningarstaður á Merkjahrygg á Bröttubrekku - óskað eftir afstöðu sveitarfélags.
Málsnúmer : 2202171
Málsaðili : Markaðsstofa Vesturlands ehf.
Skráð dags : 18.02.2022 11:50:32
Höfundur : Margrét Björk Björnsdóttir <maggy@west.is>

Viðhengi [Áningastaður á Bröttubrekku-verkefnislýsing-2022.pdf](#)[Áningastaður á Bröttubrekku-verkefnislýsing-2022.pdf](#)
[image002.png](#)[image002.png](#)
[image001.png](#)[image001.png](#)

Til áfangastaðafulltrúa Dalabyggðar og Borgarbyggðar

Erindi:

Óskað er eftir afstöðu og aðkomu Dalabyggðar og Borgarbyggðar varðandi uppbyggingu á áningarstað/kaldri upplýsingastöð við Merkjahrygg á Bröttubrekku

- Sjá sveitarfélögin eitthvað því til fyrirstöðu að farið verði í þetta verkefni?
- Eru sveitarfélögin tilbúin til að taka þátt í þessu verkefni eins og það liggur fyrir?

Sjá nánar meðfylgjandi verkefnisyfirlit í viðhengi.

- Verkefnið felur í sér úttekt, greiningu og hönnun á áningarstað og kaldri upplýsingastöð við Merkjahrygg á Bröttubrekku þar sem hreppamörk Dalabyggðar og Borgarbyggðar liggja
- Einnig felur verkefnið í sér að gera framkvæmda- og fjárhagsáætlun vegna uppbyggingar og framkvæmdafasa verkefnisins
- Þá er reiknað með að þegar hönnun, framkvæmda- og fjárhagsáætlanir fyrir uppbygginguna liggur fyrir að gerðar verði umsóknir og sótt um styrki fyrir fjármögnun framkvæmda.

Hér er ekki verið að hugsa um mikla uppbyggingu – heldur er hugmyndin að nýta vegstubb sem þarna er til staðar og sést á mynd á verkefnisyfirliti – gera lága hleðsluveggi til að afmarka staðinn og koma fyrir liggjandi upplýsinga- og söguskiltum á veggnum. Einnig er reiknað með að þarna verði nestisborð. Ekki er reiknað með að þetta verði áningarstaður sem krefst þjónustu s.s. með sorpílátum eða salernum.

Lagt er upp með að staðurinn láti lítið yfir sér en geti verið gott stopp til að rétta úr sér og fá sér súrefni – og þar verði góðar upplýsingar sem geta aukið jákvæða upplifun gesta sem eiga leið um.

Hlutverk sveitarfélaganna í þessu verkefni:

- Sveitarfélögin hafi virkan fulltrúa í stýrihóp verkefnisins sem er talsmaður sveitarfélagsins í þessu verkefni (þegar hefur komið tilnefning að fulltrúa frá hvoru sveitarfélagi sem hafa setið fyrsta fund stýrihóps – sjá verkefnisyfirlit)
- Sveitarfélögin skoði hvort þessi framkvæmd fellur að skipulagi viðkomandi sveitarfélags auk þess að leiðbeina, aðstoða og koma að skipulagsvinnu sem snýr að viðkomandi sveitarfélagi varðandi þennan áningarstað

- Sveitarfélögin gefa út framkvæmdaleyfi ef/þegar þess er þörf, samkvæmt þeim skipulags og hönnunargögnum sem þá liggja fyrir
- Sveitarfélögin séu tilbúin til að skoða frekari aðkomu að uppbyggingu og umsjón þessa áningarstaðar

Vonast eftir góðum undirtektum og skjótum svörum

Með góðri kveðju / Best regards

Margrét Björk Björnsdóttir (Maggý)

- sviðsstjóri -

Áfangasta- & Markaðssvið SSV

+354 433 8820 / +354 864 2955

